



Reykjavík 12 janúar 2016

Skýrsla um verkefnið „Skjólbelti framtíðar“ fyrir árið 2015.

Unnið var eftir markmiðum og verkáætlun sem sjá má í styrkumsókn. Meginmarkmið verkefnisins er að finna bestu hentugu skjólbeltaþlöntur sem völ er á fyrir íslenskar aðstæður, þróa heppilegustu samsetningu tegunda í uppbyggingu skjólbelta þannig að þær myndi sem mest vistvæna og sjálfbæra heild, gera fyrirmyndarskjólbelti og miðla upplýsingum um tegundir og fyrirkomulag.

Markmið 1 Unnið hefur verið að skilgreina hlutverk planta í skjólbeltum og þær kröfur til eiginleika sem gerðar eru til þeirra. Skoðað var tegundaval í íslenskum beltum sem gróðursett hafa verið að undanfögnu. Rýnt var í ritaðar heimildir, innlendar og erlendar, m.a. skoðuð víðtæk reynsla Dana í þessum efnum og farið í fróðlega skoðunarferð til Jótlands sem skýrt verður frá í skýrslu sem verið er að vinna í.

Á heimasíðu Yndisgróðurs er að finna svæði fyrir verkefnið Skjólbelti framtíðar:

<http://yndisgrodur.lbhi.is/Pages/2765>. Þar er að finna sögulegt yfirlit yfir skjólbeltaræktun á Íslandi, upplýsingar um hlutverk og körfur til plantna í skjólbeltum, upplýsingar um tilraunaskjólbelti á vegum verkefnisins og lista yfir tegundir og yrki sem gætu hentað vel í skjólbelti framtíðarinnar. Sum þessara yrkja eru í prófun á vegum verkefnisins og önnur væri áhugavert að reyna. Einnig eru upplýsingar um sýni- og tilraunabelti sem komið hefur verið upp. Eftir því sem verkefninu vindur fram og meiri reynsla fæst af þeim tilraunaskjólbeltunum sem komið hefur verið upp er hægt að birta ítarlegri lista yfir hentugar tegundir / meðmælalista.

(Mælingar og athuganir á tilraunaskjólbeltum þurfa að vara í minnst 2-3 ár til að hægt sé að koma fram með eiginlegar niðurstöður og því mikilvægt að verkefninu sé fylgt vel eftir. Einnig er mikilvægt að koma upp fyrirmyndarskjólbeltum á fleiri stöðum á landinu í samstarfi við viðeigandi aðila til að geta metið árangur á stærri skala – sjá upplýsingar um samstarf og tengsl við hagsmunaaðila í markmiði 2)

Markmið 2

Skipulagðar voru um 10 mismunandi samsetningar um 30 tegunda (yfir 50 yrki) í þriggja raða og um 250 m.l. tilraunaskjólbelti í Grásteinsmýri á Hvanneyri. Bleytutið gerði gróðursetningastarf nokkuð seinlegt og erfitt. Gerð var úttekt um haustið á lifun og upplýsingar um ræktun beltisins teknar saman. Nokkuð var um afföll. Nær allar plöntur sem gróðursettar voru í tilraunabeltið alls um 750 stk. fengust sem styrkur frá Ræktunarstöð Reykjavíkurborgar og garðplöntustöðvunum Mörk, Náttþaga og Kjarri.

Töluvert illgresi var í „fyrirmyndarskjólbelti“ (25 m.l.) við rannsóknarhúsið á Hvanneyri gróðursett 2014. Reynd var sú aðferð að kæfa illgresið með gömlu heyi og tókst það sæmilega. Lítil afföll urðu í beltinu, einungis þrjár plöntur drápu og var endurplantað.

Haldið var áfram að koma á tengslum við rannsóknaraðila, hagsmunaaðila og ræktenda sem tengjast skjólbeltarækt. Farið var í vettvangsferðir um Eyjafjörð í samvinnu við Bergsteinn Þórsson hjá

Norðurlandsskógum, Suðurlands í samvinnu við Hall Björgvinsson hjá Suðurlandsskógum og Vesturland í samvinnu við Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur hjá Vesturlandsskógum. Komið var á formlegri samvinnu við Suðurlandsskóga um val á yrkjum til skjólbeltaræktar og aðgengi að efnivið til fjölgunar. Komið var á óformlegu samstarf við Vesturlandsskóga um val á nokkrum vænlegum tegundum og yrkjum og skipulagningu á tilraunabeltum á Bakka á Kjalarnesi.

Á skógarþingi í Borgarnesi 11. - 12.mars 2015 var verkefnið kynnt með veggspjaldi og stuttri framsögu.

Verkefnisstjóri var „aðstoðarleiðsögumaður“ 24. júní um Suðurland ásamt Halli Björgvinsyni með hóp skjólbeltaráðunauta frá Danmörku.

Farið var í afar fróðlega þriggja daga skoðunarferð til Jótlands í ágúst þar sem verkefnisstjóri naut leiðsagnar ráðanauta frá danska heiðarfélaginu auk heimsóknar í tvær garðplöntustöðvar.

Birt var viðtal byggt á grein verkefnisstjóra um verkefnið í Bændablaðinu 11. júní 2015.

Haldið var námskeið þann 4. september á Hvanneyri fyrir almenning um val og samsetningu tegunda í skjólbelti, fámennur en góður hópur kom á námskeiðið.

Samson Bjarnar Harðarson